

Viðskiptaafgangur 2,8 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2017 – hrein staða við útlönd jákvæð um 190 ma.kr. í lok ársins

Á fjórða ársfjórðungi 2017 var 2,8 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 40,2 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 53,4 ma.kr. Frumpáttatekjur voru með 5,1 ma.kr. halla og rekstrarframlög 5,3 ma.kr. halla.

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2017 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.092 ma.kr. í lok árs 2017 en skuldir 2.902 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 190 ma.kr. eða 7,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði á síðasta fjórðungi ársins um 63 ma.kr. eða 2,5% af VLF. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 24 ma.kr. á fjórðungnum. Skuldir lækkuðu um 110 ma.kr. og erlendar eignir um 85 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um sem nam 33 ma.kr. Skýrist það aðallega af 5,3% verðhækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum. Gengi krónunnar hækkaði um 0,5% á fjórðungnum gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá Hagtölur á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2016, Q4</u>	<u>2017, Q1</u>	<u>2017, Q2</u>	<u>2017, Q3</u>	<u>2017, Q4</u>
Viðskiptajöfnuður	43,1	7,8	14,2	68,4	2,8
Vöruskiptajöfnuður	-13,3	-34,9	-46,2	-45,7	-40,2
Þjónustujöfnuður	41,1	41,3	61,4	116,0	53,4
Jöfnuður frumpáttatekna	19,4	5,0	4,4	1,7	-5,1
Rekstrarframlög, nettó	-4,2	-3,5	-5,3	-3,6	-5,3
Jöfnuður fjárframlaga	-0,5	-0,3	-0,3	-0,3	-0,5
Fjármagnsjöfnuður	89,2	-6,9	1,0	54,7	24,4
Bein fjárfesting	-35,7	-3,7	26,6	-24,2	-7,1
Verðbréf	61,8	36,5	152,1	48,0	45,0
Afleiður	0,4	1,3	2,4	3,9	-0,4
Önnur fjárfesting	-38,0	-39,4	-72,6	27,7	-22,8
Gjaldeyrisforði	100,7	-1,5	-107,6	-0,7	9,6
Skekkiur og vantalið, nettó	46,7	-14,4	-13,0	-13,4	22,1

Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q3 2017	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q4 2017
Erlendar eignir, alls	3.154	-85	33	-10	3.092
Bein fjárfesting	833	-138	1	1	696
Verðbréf	1.093	47	40	0	1.180
Afleiður*	13	0	1	0	13
Önnur fjárfesting	526	-3	-3	-4	516
Gjaldeyrisforði	688	10	-6	-6	686
Erlendar skuldir, alls	3.027	-110	0	-15	2.902
Bein fjárfesting	1.314	-131	-2	-7	1.173
Verðbréf	1.129	2	2	2	1.135
Afleiður*	10	0	0	0	11
Önnur fjárfesting	574	19	0	-10	583
Hrein staða við útlönd	127	24	33	6	190
Hrein staða við útlönd, % af VLF	5,0%	1,0%	1,3%	0,2%	7,5%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.